



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Guðni Indriðason
Laufbrekku
Kjalarnesi
116 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2009
Tilvísun: 2009010047
Bréfalykill: 22.12
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um afrit af leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki.

Þann 20. febrúar 2009 barst Orkustofnun tölvupóstur, dags. 19. febrúar 2009, þar sem Guðni Indriðason, óskar eftir afriti af leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki, dags. 12. febrúar 2009.

Orkustofnun sendir hér með umbeðið afrit (fylgiskjal 1).

Virðingarfyllst



Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Valborg Steingrimsdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til:
Iðnaðarráðuneytis

Fylgiskjöl:

1. Bréf Orkustofnunar til Björgunar ehf., dags. 12. febrúar 2009; leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki (ásamt tveimur fylgiskjöllum).



Björgun ehf.
b.t. Gunnlaugs Kristjánssonar,
forstjóra
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. febrúar 2009
Tilvísun: 2009010047
Bréfalykill: 22.12
Verknúmer: 3340300

Efni: Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki.

Þann 16. janúar 2009 barst Orkustofnun umsókn Björgunar ehf., dags. s.d., um leyfi til efnistöku af hafsbotni á tveimur svæðum í Kollafirði, Faxaflóa, þ.e. við Lundey og á Viðeyjarflaki. Umsóknin byggir á ákvæðum laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.


Með bréfum, dags. 21. janúar 2009, sendi Orkustofnun umsókn Björgunar ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila, auk Faxaflóahafna sf., lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Reykjavíkurborgar, Siglingastofnunar Íslands, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Orkustofnun bárust umsagnir frá öllum framangreindum aðilum, nema Reykjavíkurborg, sem framsent hafði erindið á umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar.

Orkustofnun hefur nú tekið umsóknina, ásamt umsögnum, til umfjöllunar með hliðsjón af matsskýrslu þeirri sem unnin hefur verið vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði frá október 2008 og álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna sömu framkvæmda, dags. 20. nóvember 2008. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 4. febrúar 2009, er bent á að huga þurfi að rannsóknnum á búsvæðum flatfiskaungviðis á námusvæðum í Kollafirði en slíkar rannsóknir hafi ekki farið fram (sjá 4. viðauka með frummatsskýrslu um Kollafjörð, bls. 10). Stofnunin telji því fulla ástæðu til þess að fara varlega í efnistöku á þessum svæðum (fylgiskjal 2).

Með hliðsjón af umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hefur Orkustofnun ákveðið að þrengja mörk efnistökusvæðis við Lundey, frá því sem afmarkað er í umsókn Björgunar ehf., þannig að tvær námur, sunnan og austsuðaustan Lundeyjar, sem voru dýptarmældar 2005 (sjá dýparkort af Lundeyjarnámu í 1. viðauka með frummatsskýrslu um Kollafjörð), voru útvíkkaðar nokkuð, þó ekki í átt að eygni.

Gefur Orkustofnun hér með út leyfi til töku efnis á tveimur svæðum í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki, til handa Björgun ehf., sbr. meðfylgjandi leyfi ásamt fylgiskjölum (fylgiskjal 1).

Virðingarfyllst


Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Valborg Steingrimsdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til:

Iðnaðarráðuneytis
Faxaflóahafna sf.
Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviðs
Hafrannsóknastofnunarinnar
Reykjavíkurborgar
Reykjavíkurborgar, umhverfis- og samgöngusviðs
Siglingastofnunar Íslands
Umhverfisstofnunar
Vegagerðarinnar

Fylgiskjöl:

1. Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði: við Lundey og á Viðeyjarflaki (ásamt tveimur fylgiskjölum).
2. Bréf Hafrannsóknastofnunarinnar til Orkustofnunar, dags. 4. febrúar 2009; beiðni um umsögn um leyfi til töku efnis á tveimur svæðum í Kollafirði.

Leyfi
til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði
við Lundey og á Viðeyjarflaki

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til töku efnis, sem nánar er tilgreint í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæðum, sem tilgreind eru í 2. gr., og á því tímabili, sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Faxaflóahafna, lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Reykjavíkurborgar (framsent á umhverfis- og samgöngusvið), Siglingastofnunar Íslands, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbotni og takmarkast við allt að 60.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Lundey og allt að 100.000 rúmmetra á efnistökusvæði á Viðeyjarflaki, sbr. 2. gr. leyfisins. Rúmmál efnisins skal mælt við uppðælingu þess.

2. gr.

Efnistökusvæði

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbotni á tveimur svæðum í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki. Efnistökusvæðin eru merkt inn á tvö meðfylgjandi kort (fylgiskjal 1 og 2), sem teljast til hluta leyfisins, og afmarkast af eftirfarandi hnitum (ÍSN93):

Lundey I		$X_{(ÍSN93)}$	$Y_{(ÍSN93)}$
	G	363538	412313
	H	363345	411998
	I	363146	412008
	S	363016	412125
	T	363052	412255
	U	363010	412331
	V	362906	412428

Lundey II

	X _(ÍSN93)	Y _(ÍSN93)
J	362718	411944
K	362571	411868
L	362521	411787
M	362359	411819
P	362494	412143
Q	362650	412149
R	362875	412087

Viðeyjarflak

	X _(ÍSN93)	Y _(ÍSN93)
A	360367	412678
B	360423	412741
C	360577	412696
D	360605	412452
E	360562	412047
F	360437	412091
G	360368	412200

3. gr.

Gildistími

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 1. maí 2009. Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

4. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu. Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

5. gr.

Upplýsingagjöf

Leyfishafi skal mánaðarlega senda Orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið hefur verið.

6. gr.

Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

L.E

7. gr.

Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistöku. Leyfishafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um efnistöku samkvæmt leyfi þessu.

8. gr.

Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæðið, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska eigi neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

9. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

10. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í því.

11. gr.

Leyfisgjald

Í samræmi við 36. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 110.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.


Orkustofnun, 12. febrúar 2009



f.h. orkumálastjóra
Lárus Ólafsson
lögfræðingur

Leyfi til töku efnis af hafsbotni í Kollafirði

Lundey I og II - fylgiskjal 1



Mælikvarði 1:20000

Leyfi til töku efnis af hafsbotni í Kollafirði

Viðeyjarflak - fylgiskjal 2



Mælikvarði 1:20000



Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

ORKUSTOFNUN		Skjalnúmer	
Dagur	06.02.2009	Abbr.	VS
Ár	2009	Átt.	10
Stofnun	3340 300	Tími	
Stofn.		Átt.	

Reykjavík, 04.02.2009

Tilv. 20.1.1/KOL

JS/sdk

Málefni: Beiðni um umsögn um leyfi til töku efnis á tveimur svæðum í Kollafirði

Í bréfi Orkustofnunar frá 21. jan. 2009 er beiðt um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint erindi frá Björgun ehf.

Björgun sækir um leyfi til bráðabirgða til að taka efni úr tveimur námum í Kollafirði, Viðeyjarflaksnámu og Lundeyjarnámu, á tímabilinu janúar til apríl 2009. Alls er sótt um leyfi fyrir 160 þúsund rúmmetrum af efni, 100 þúsund rúmmetrum úr Viðeyjarflaksnámu en 60 þúsund rúmmetrum úr Lundeyjarnámu.

Hafrannsóknastofnunin hefur í umhverfismati fyrir efnistöku í Kollafirði bent á að huga þurfi að rannsóknum á búsvæðum flatfiskaungviðis á námusvæðum í Kollafirði (sjá viðauka 4 í frummatsskýrslu um Kollafjörð). Slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram. Því telur Hafrannsóknastofnunin fulla ástæðu til að fara varlega í efnistöku á þessum svæðum.

Í umsókn Björgunar kemur fram að áætlað efnismagn í Lundeyjarnámu nemi um 1 milljón rúmmetra. Áætlað er skv. matsskýrslu að taka allt þetta magn á næstu 10 árum og stækkar naman við það rúmlega fimmfalt miðað við núverandi stöðu, en hún liggur grunnt, á 10-20 m dýpi. Gangi þetta eftir verður búið að eyða slíkri botngerð með tilheyrandi dýpkun nánast allt í kringum eyrna og þar með eyða þeim búsvæðum sem áður voru á þessu svæði.

Hafrannsóknastofnunin telur rétt að benda á þessi atriði og leggur áherslu á að bráðabirgðaleyfi verði aðeins veitt í samræmi við raunverulega þörf fyrirtækisins næstu mánuði. Frekara efnisnám verði háð endanlegu leyfi til efnistöku úr Kollafirði.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is